

**SAMÞYKKT**  
**Sveitarfélagsins Árborgar um takmarkanir**  
**við flugumferð um Selfossflugvöll.**

1. gr.

Næturtakmarkanir: Á milli kl. 23.00 og 7.00 eru flugtök og landingar bannaðar. Heimilt er að víkja frá þessu í neyðartilvikum og skal það skráð sérstaklega.

2. gr.

Takmarkanir á snertilendingum: Snertilendingar eru einungis leyfðar virka daga frá kl. 7.00 til 18.00.

3. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 9. gr. reglugerðar um hávaða nr. 933/1999, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 478/2003, sbr. og 25. gr. laga nr. 7/1998, og öðlast gildi þegar í stað.

*Samþykkt í bæjarráði Sveitarfélagsins Árborgar, 15. nóvember 2007.*

**Ragnheiður Hergeirsdóttir** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2008